



HVAÐ VILTU VITA?

10 ALGENGAR SPURNINGAR OG
SVÖR UM INNRI MARKAÐ ESB



1. Hvað er innri markaðurinn og hvernig virkar hann?

Hugmyndin að baki innri markaðar ESB er í raun ofur einföld: að líta á Evrópusambandið sem eitt svæði þar sem fjórfrelsið, þ.e. frjálst flæði fólks og frelsi í þjónustustarfsemi, fjármagns- og vöruflutningum, örvar samkeppni, viðskipti og eykur hagkvæmni. Þetta eina svæði kemur því í stað fjölda ólíkra markaðssvæða sem hvert og eitt voru með sínar eigin reglur, lög, staðla og tollareglur. Frá því að innri markaðurinn varð að veruleika árið 1992, hefur hann meðal annars:

- » Skapað ný störf.
- » Stóraukið úrval og lækkað verð með því að efla samkeppni.
- » Skapað ný tækifæri fyrir fyrirtæki, sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- » Hvatt til samvinnu og samstarfs á sviði rannsókna og menningar.

2. Hvað er innri markaðurinn stór?

Innri markaðurinn náði upphaflega til 345 milljóna manna í 12 aðildarríkjum ESB, en í dag nær hann til yfir 500 milljóna í 27 aðildarríkjum auk EES ríkjanna þriggja.

3. Hvernig tengist Ísland innri markaði ESB?

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) gekk í gildi þann 1. janúar 1994 en með honum urðu Ísland, Noregur og Liechtenstein hluti af innri markaði ESB gegn því að skuldbinda sig til að taka upp alla viðeigandi löggjöf ESB.

4. Virkar innri markaðurinn öðruvísi fyrir ríki ESB en fyrir þau ríki sem tengjast honum í gegnum EES samninginn, eins og Ísland?

Þátttaka EES ríkjanna á innri markaðinum er töluvert frábrugðin þátttöku aðildarríkja ESB:

- » ESB er tollabandalag sem þýðir að allir tollar falla niður í viðskiptum á milli ESB ríkja. EES samningurinn nær ekki til tollabandalagsins og því falla tollar og innflutningsgjöld ekki alltaf niður í viðskiptum Íslands og ESB.
- » EES samningurinn nær ekki til sjávarútvegs eða landbúnaðavara, en þessar vörur falla undir innri markaðinn í viðskiptum milli aðildarríkja ESB.
- » Ný ESB lög á þeim sviðum sem EES samningurinn nær til eru lögleidd í EES ríkjunum, þ.m.t. á Íslandi. EES samningurinn veitir EES ríkjunum þremur ekki aðgang að ákvarðanatöku innan stofnana ESB, jafnvel ekki þegar um er að ræða löggjöf sem EES ríkin munu þurfa að taka upp. EES ríkin hafa þó rétt til að taka þátt í mótun löggjafar á upphafsstigum hennar.

5. Hvernig tekur Ísland þátt í innri markaðinum?

EES samningurinn tryggir **frjálsa för fólks** innan þeirra 27 ríkja sem mynda ESB auk Noregs, Íslands og Liechtenstein. Íslendingar geta búið, stundað nám og unnið í hvaða landi innri markaðarins sem þeir kjósa. Auk þess er Ísland aðili að Schengen-samstarfinu um afnám landamæraeftirlits á innri landamærum Schengen svæðisins, í stað einna sameiginlegra ytri landamæra, sem veitir íslenskum ríkisborgurum rétt á að ferðast án vegabréfs innan svæðisins.

Þá veitir samningurinn íslenskum borgurum og fyrirtækjum rétt til þess að **flytja vörur og þjónustu** á milli þessara 30 ríkja, með fyrirvara um tolla og innflutningsgjöld, sbr. spurningu 4.

EES samningurinn veitir Íslendingum rétt til þátttöku í fjölda samstarfs-áætla ESB, þ.a m:

- » Menntaáætlun ESB (t.d. Erasmus, Leonardo og Grundtvig áætlanir).
- » Menningaráætlun ESB um þverþjóðlegt menningarsamstarf.
- » MEDIA-áætlun ESB um kvikmyndagerð.
- » 7. Rannsóknaráætlun ESB fyrir eflingu rannsókna og vísinda.
- » Evrópu Unga Fólksins fyrir ungmennaskipti og sjálfbodastörf.
- » Enterprise Europe Network fyrir aukið samstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

6. Hafa íbúar innan EES rétt til þess að búa og starfa hvar sem er á innri markaðinum?

Ferða- og búsetufrelsi einstaklinga er einn af hornsteinum ESB. Allir íbúar Evrópska efnahagssvæðisins (EES), þ.e. ESB, Íslands, Noregs og Liechtenstein, hafa rétt á að ferðast, búa, stunda nám, vinna, veita þjónustu og setjast í helgan stein í hvaða öðru ríki svæðisins sem er án mismununar sökum þjóðernis. Evrópusambandið vinnur að því að liðka fyrir þessu frelsi og einfalda það, sér í lagi hvað varðar gagnkvæma viðurkenningu á námi og starfshæfni sem og félagsþjónustu. Ellilífeyrisþegar geta til að mynda búið hvar sem er innan svæðisins án þess að lífeyrir þeirra sé skertur eða takmarkaður.

Innri markaðurinn hefur stuðlað að lækkun verðs á fjölmörgum vörum og þjónustu, t.d. hefur farsímakostnaður lækkað um 70% og flugfarmiðar um 40% frá stofnun hans.

7. Snýr innri markaðurinn eingöngu að efnahagslegum þáttum?

Hugmyndin að baki innri markaðinum er að fjórfrelsið auki hagvöxt í Evrópu, en talið er að opnun innri markaðarins hafi skapað um 2.77 milljónir starfa og aukið verga þjóðarframleiðslu ESB um 2.13% frá 1992-2008. Innri markaðurinn eykur úrval og lækkar vöruverð til neytenda og eykur traust á vöruöryggi. Hann gerir fyrirtækjum kleift að breiða frekar úr viðskiptum sínum þar sem sameiginlegt regluverk tryggir að allir sitji við sama borð og minnkar skrifræði. **Hann hvetur einnig til öflugra samstarfs og stuðnings á sviði mennta, menningar og vísinda.**

Í stuttu máli má segja að innri markaðurinn hafi áhrif á:

- » Einstaklinginn: Réttur til að búa, vinna, læra og fara á eftirlaun í öðru landi ESB.
- » Neytandann: Aukin samkeppni leiðir til lægri verða, aukins vöruúrvals og betri verndar.
- » Fyrirtæki: Mun auðveldara og ódýrara að stunda viðskipti þvert á landamæri.

8. Hvers vegna þarf innri markaðurinn allar þessar reglugerðir og staðla?

Tilgangur innri markaðarins er að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum lífið innan ESB og auka öryggi þeirra. Sameiginlegir staðlar þýða að það er eitt sett af reglum sem fyrirtæki þurfa að fara eftir ef þau vilja eiga viðskipti innan ESB. Þetta tákna einnig að neytendur frá einum enda markaðarins geta treyst vörum sem koma frá hinum endanum. Fólk sem sækir um störf í öðru EES landi geta fengið nám sitt og starfshæfni metið þar. Til að einfalda lífið hefur ESB því:

- » Komið á **sameiginlegum Evrópustöðlum**.
- » Komið á **grundvallarreglu um gagnkvæma viðurkenningu**, sem tryggir að reglugerðir einstakra landa hefti ekki frjáls viðskipti með þjónustu eða varning innan ESB, né heldur frjálsa för fólks.
- » **Dregið úr skriffinnsku** með því að skipta út 27 ólíkum og flóknum reglugerðum fyrir samevrópskar reglugerðir.

Allir íbúar EES (ESB, Ísland, Noregur og Liechtenstein) hafa rétt á að ferðast, búa, stunda nám, vinna og setjast í helgan stein í hvaða öðru ríki svæðisins sem er.

9. Hvernig geta fyrirtæki nýtt sér viðskiptatækifæri á innri markaðinum?

Öll fyrirtæki innan ESB hafa aðgang að **yfir 500 milljónum mögulegra viðskiptavina**. Þetta gerir stærri fyrirtækjum kleift að **njóta ágóðans af stærri hagkerfum** á meðan **nýir markaðir** hafa opnast litlum og meðalstórum fyrirtækjum (LMF). Í dag starfa yfir 20 milljónir LMF á innri markaðinum en sveigjanleiki þeirra er sérlega mikilvægur evrópska hagkerfinu þar sem þau skapa 85 % allra starfa innan ESB.

Í gegnum **Enterprise Europe Network** (EEN) hjálpar ESB fyrirtækjum, og þá sér í lagi LMF, að gerast alþjóðleg og að nýta sér möguleika og kosti innri markaðarins. Yfir tvær milljónir LMF nýta sér þessa þjónustu á hverju ári. EEN starfar einnig á Íslandi og er þjónustan rekin af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Íslandsstofu og Rannís: www.een.is

10. Hvaða úrræði hafa einstaklingar til að ná fram rétti sínum á innri markaðnum?

Allir borgarar eru neytendur og ESB leggur mikla áherslu á að vernda heilsu, öryggi og efnahag þeirra. Til að vernda neytendur og auðvelda viðskipti hefur ESB lagt mikið á sig til að tryggja:


- » **Fæðuöryggi** með starfsemi Matvælastofnunar Evrópu.
- » **Vöruvernd** en CE-merkingin er yfirlýsing ESB um örugga og vottaða vöru.
- » **Neytendavernd** eins og sjá má á lægra verði í farsíma- og internetþjónustu, í auknum réttindum flugfarþega o.fl.

Þá má nefna að ESB tryggir meðal annars **gagnkvæma viðurkenningu á námi og starfshæfni**, rétt Evrópubúa til að stunda nám í öðrum ríkjum ESB og **lífeyris- og almannatryggingaréttindi** þvert á landamæri, m.a. með **Evrópska sjúkratryggingakortinu**, sem staðfestir rétt til nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu á meðan dvöl í EES ríki stendur.


Evrópskir neytendur geta leitað eftir leiðbeiningum og ráðum hjá **Evrópsku neytenda-aðstoðinni** sem rekin er af Neytendasamtökunum hér á landi eða fengið **aðstoð við vandamál** tengd innri markaðinum hjá **Solvit**, sem er sömuleiðis með fulltrúa á Íslandi.

Viðskipti milli ESB ríkja jukust frá 800 milljörðum evra árið 1992 til 2.540 milljarða evra árið 2010.

Vöruinnflutningur eftir markaðssvæðum í %



Vöruútflutningur eftir markaðssvæðum í %



Heimild: Hagstofa Íslands.



Suðurgata 10, 101 Reykjavík | Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri

Sími 527 5700 – evropustofa@evropustofa.is

www.evropustofa.is



Evrópusambandið fjármagnar
starfsemi Evrópustofu.